BARNAVERNDARSTOFA

# Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir árin 2011 og 2012

**2013**

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna fyrir árin 2011 og 2012. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir árin 2011 og 2012.

**Tilkynningar til barnaverndarnefnda**

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fækkaði um tæplega 10% á árinu 2012 samanborið við árið 2011. Fjöldi tilkynninga var 7.854 á árinu 2012, en 8.698 á árinu 2011. Fleiri tilkynningar bárust um drengi, en stúlkur, en hlutfall tilkynninga vegna drengja var 55,2,0% á árinu 2012. Kynjaskipting vegna tilkynninga í sískráningu liggur fyrir frá árinu 2012. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði um tæplega 13% og rúmlega 2% á landsbyggðinni. Mest var fækkunin á tilkynningum frá lögreglu, en hlutfall þeirra á árinu 2012 var 46%, en 48,9% árið á undan. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar voru vegna áhættuhegðunar barna eða 41,0% tilkynninga á árinu 2012, en 44,4% á árinu 2011. Alls voru 35,4% tilkynninga vegna vanrækslu á árinu 2012, en 31,6% á árinu 2011. Hlutfall tilkynninga um ofbeldi á árinu 2012 var 22,9%, en 23,2% árið á undan. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu lækkaði líttillega úr 0,9% árið 2011 í 0,7% árið 2012

Hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu var 8,6 á árinu 2012, en 7,9 árið á undan.
Í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga á árinu 2012 þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 5,6%, en 5,0% árið á undan.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á árinu 2012 var 6.574 börn, en sambærileg tala fyrir árið 2011 var 7.176 börn. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

**Umsóknir til Barnaverndarstofu**

Umsóknum um meðferðarheimili fækkaði á árinu 2012 miðað við árið á undan. Umsóknir voru 68 á árinu 2012 en 92 á árinu 2011. Flestar umsóknir á árinu 2012 voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 78% umsókna, en 22% umsókna voru frá nefndum á landsbyggðinni. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi bæði árin, en hlutfall drengja var 54,4% á árinu 2012 en 63% á árinu 2011. Meðalaldur barna sem sótt var um meðferð fyrir var 16 ár á árinu 2012, en 15,7 á árinu 2011.

Alls bárust 77 umsóknir um MST á árinu 2012, en 82 umsóknir árið á undan. Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks.
Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi bæði árin, en hlutfall drengja var 54,5% á árinu 2012 en 65,9% á árinu 2011. Meðalaldur barnanna sem sótt var um meðferð fyrir var 15,3 ár á árinu 2012, en 15 ár á árinu 2011.

Umsóknum um fósturheimili fyrir börn fækkaði úr 144 í 108 á umræddu tímabili. Fækkun var mest í umsóknum um styrkt fóstur, en þeim umsóknum fækkaði um tæplega helming. Flestar umsóknir á árinu 2012 voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 69,5% umsókna, en þetta hlutfall var 63,9 árið á undan. Fleiri umsóknir bárust fyrir stúlkur á árinu 2012, en hlutfall stúlkna var 51,9% . Á árinu 2011 bárust fleiri umsóknir fyrir drengi, en hlutfall drengja var 60,4%  á árinu 2011.

Í Barnahúsi voru rannsóknarviðtöl samtals 209 á árinu 2012, en 202 árið á undan. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl, 69,9% á árinu 2012 og 68,8% á árinu 2011.

Vistanir á neyðarvistun Stuðla voru 209 á árinu 2012, en 234 á árinu 2011.
Vistunardögum fækkaði á árinu 2012 miðað við árið á undan úr 1.522 dögum í 1.228 daga. Fjöldi einstaklinga á árinu 2012 var 82, en 98 árið á undan.

Umsóknum þeirra sem óska eftir að gerast fósturforeldrar fækkaði úr 67 umsóknum á árinu 2011 í 55 umsóknir á árinu 2012. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

# Tilkynningar til barnaverndarnefnda

## Fjöldi tilkynninga

| Barnaverndarnefnd | 2011 | | 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 4.170 | 47,9 | 3.464 | 44,1 |
| Seltjarnarnes | 51 | 0,6 | 42 | 0,5 |
| Kópavogur | 810 | 9,3 | 710 | 9,0 |
| Garðabær | 109 | 1,3 | 130 | 1,7 |
| Hafnarfjörður | 841 | 9,7 | 883 | 11,2 |
| Álftanes | 76 | 0,9 | 92 | 1,2 |
| Reykjanesbær | 417 | 4,8 | 486 | 6,2 |
| Grindavík | 107 | 1,2 | 87 | 1,1 |
| Sandgerði | 190 | 2,2 | 164 | 2,1 |
| Mosfellsbær | 207 | 2,4 | 153 | 1,9 |
| Akranes | 117 | 1,3 | 114 | 1,5 |
| Borgarfjarðar og Dala | 44 | 0,5 | 66 | 0,8 |
| Snæfellinga | 17 | 0,2 | 20 | 0,3 |
| Norðanverðir Vestfirðir | 147 | 1,7 | 157 | 2,0 |
| Vesturbyggð og Tálknafjörður | 11 | 0,1 | 10 | 0,1 |
| Húnaþing vestra | 24 | 0,3 | 40 | 0,5 |
| A-Hún | 68 | 0,8 | 43 | 0,5 |
| Skagafjörður | 35 | 0,4 | 38 | 0,5 |
| Útey | 85 | 1,0 | 71 | 0,9 |
| Eyjafjörður | 336 | 3,9 | 344 | 4,4 |
| Þingeyingar | 75 | 0,9 | 48 | 0,6 |
| Fljótsdalshérað | 77 | 0,9 | 73 | 0,9 |
| Fjarðabyggð | 77 | 0,9 | 71 | 0,9 |
| Hornafjörður | 46 | 0,5 | 42 | 0,5 |
| Árborg | 204 | 2,3 | 172 | 2,2 |
| Árnesþing* | 92 | 1,1 | 118 | 1,5 |
| Rang.valla- og V-Skaftafellss. | 51 | 0,6 | 43 | 0,5 |
| Vestmannaeyjar | 214 | 2,5 | 173 | 2,2 |
| **Samtals** | **8.698** | **100,0** | **7.854** | **100,0** |

*Í águst 2011 sameinuðust barnaverndarnefnd uppsveita Árnessýslu, Ölfusshrepps og Hveragerðis í Velferðarnefnd Árnesþings

## Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum*

| **Kyn** | **2012** | |
|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 4.338 | 55,2 |
| Stúlkur | 3.465 | 44,1 |
| Ekki vitað | 51 | 0,6 |
| **Samtals** | **7.854** | **100,0** |

*Kynjaskipting liggur fyrir frá árinu 2012

## Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

| Landsvæði | **2011** | | **2012** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Höfuðborgarsvæði* | 6.264 | 72,0 | 5.474 | 69,7 |
| Landsbyggð | 2.434 | 28,0 | 2.380 | 30,3 |
| **Samtals** | **8.698** | **100,0** | **7.854** | **100,0** |

*Höfuðborgarsvæðið tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Fjöldi barna sem tilkynnt var um*

| Barnaverndarnefnd | 2011 | | 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 3.266 | 45,5 | 2.726 | 41,5 |
| Seltjarnarnes | 43 | 0,6 | 40 | 0,6 |
| Kópavogur | 683 | 9,5 | 621 | 9,4 |
| Garðabær | 104 | 1,4 | 127 | 1,9 |
| Hafnarfjörður | 736 | 10,3 | 781 | 11,9 |
| Álftanes | 58 | 0,8 | 76 | 1,2 |
| Reykjanesbær | 377 | 5,3 | 414 | 6,3 |
| Grindavík | 77 | 1,1 | 51 | 0,8 |
| Sandgerði | 137 | 1,9 | 132 | 2,0 |
| Mosfellsbær | 179 | 2,5 | 132 | 2,0 |
| Akranes | 89 | 1,2 | 103 | 1,6 |
| Borgarfjarðar og Dala | 41 | 0,6 | 57 | 0,9 |
| Snæfellinga | 17 | 0,2 | 18 | 0,3 |
| Norðanverðir Vestfirðir | 136 | 1,9 | 133 | 2,0 |
| Vesturbyggð og Tálknafjörður | 11 | 0,2 | 9 | 0,1 |
| Húnaþing vestra | 23 | 0,3 | 38 | 0,6 |
| A-Hún | 55 | 0,8 | 22 | 0,3 |
| Skagafjörður | 29 | 0,4 | 34 | 0,5 |
| Útey | 85 | 1,2 | 71 | 1,1 |
| Eyjafjörður | 298 | 4,2 | 319 | 4,9 |
| Þingeyingar | 71 | 1,0 | 48 | 0,7 |
| Fljótsdalshérað | 64 | 0,9 | 65 | 1,0 |
| Fjarðabyggð | 73 | 1,0 | 68 | 1,0 |
| Hornafjörður | 46 | 0,6 | 37 | 0,6 |
| Árborg | 185 | 2,6 | 155 | 2,4 |
| Árnesþing* | 87 | 1,2 | 107 | 1,6 |
| Rang.valla- og V-Skaftafellss. | 45 | 0,6 | 42 | 0,6 |
| Vestmannaeyjar | 161 | 2,2 | 148 | 2,3 |
| **Samtals** | **7.176** | **100,0** | **6.574** | **100,0** |

*Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.
*Í ágúst 2011 sameinuðust barnaverndarnefnd uppsveita Árnessýslu, Ölfusshrepps og Hveragerðis í Velferðarnefnd Árnesþings

## Fjöldi barna skipt eftir kynjum*

| Kyn | 2012 | |
|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 3.637 | 55,3 |
| Stúlkur | 2.908 | 44,2 |
| Ekki vitað | 29 | 0,4 |
| **Samtals** | **6.574** | **100,0** |

*Kynjaskipting liggur fyrir frá árinu 2012

## Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

| Landsvæði | 2011 | | 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Höfuðborgarsvæði | 5.069 | 70,6 | 4.503 | 68,5 |
| Landsbyggð | 2.107 | 29,4 | 2.071 | 31,5 |
| **Samtals** | **7.176** | **100,0** | **6.574** | **100,0** |

*Höfuðborgarsvæðið tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun*

| | 2011 | | 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál) | 4.596 | 64,0 | 4.493 | 68,3 |

.

## Ástæður tilkynninga*

| Ástæður tilkynninga | 2011 | | 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| **Vanræksla** | **2.751** | **31,6** | **2.780** | **35,4** |
| *Drengir* | | | *1.343* | *17,1* |
| *Stúlkur* | | | *1.437* | *18,3* |
| Líkamleg vanræksla | 174 | 2,0 | 181 | 2,3 |
| *Drengir* | | | *83* | *1,1* |
| *Stúlkur* | | | *98* | *1,2* |
| Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit | 2.362 | 27,2 | 2.365 | 30,1 |
| *Drengir* | | | *1.164* | *14,8* |
| *Stúlkur* | | | *1.201* | *15,3* |
| Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu | 683 | 7,9 | 679 | 8,6 |
| *Drengir* | | | *336* | *4,3* |
| *Stúlkur* | | | *343* | *4,4* |
| Vanræksla varðandi nám | 123 | 1,4 | 124 | 1,6 |
| *Drengir* | | | *60* | *0,8* |
| *Stúlkur* | | | *64* | *0,8* |
| Tilfinningaleg vanræksla | 200 | 2,3 | 239 | 3,0 |
| *Drengir* | | | *98* | *1,2* |
| *Stúlkur* | | | *141* | *1,8* |
| **Ofbeldi** | **2.014** | **23,2** | **1.795** | **22,9** |
| *Drengir* | | | *807* | *10,3* |
| *Stúlkur* | | | *988* | *12,6* |
| Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi | 1.102 | 12,7 | 933 | 11,9 |
| *Drengir* | | | *439* | *5,6* |
| *Stúlkur* | | | *494* | *6,3* |
| þar af heimilisofbeldi | 438 | 5,0 | 436 | 5,6 |
| *Drengir* | | | *210* | *2,7* |
| *Stúlkur* | | | *226* | *2,9* |
| Líkamlegt ofbeldi | 456 | 5,2 | 428 | 5,4 |
| *Drengir* | | | *235* | *3,0* |
| *Stúlkur* | | | *193* | *2,5* |
| Kynferðislegt ofbeldi | 463 | 5,3 | 467 | 5,9 |
| *Drengir* | | | *145* | *1,8* |
| *Stúlkur* | | | *322* | *4,1* |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Áhættuhegðun** | **3.858** | **44,4** | **3.223** | **41,0** |
| *Drengir* | | | *2.184* | *27,8* |
| *Stúlkur* | | | *1.039* | *13,2* |
| Neysla barns á vímuefnum | 741 | 8,5 | 552 | 7,0 |
| *Drengir* | | | *365* | *4,6* |
| *Stúlkur* | | | *187* | *2,4* |
| Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu | 965 | 11,1 | 1.072 | 13,6 |
| *Drengir* | | | *625* | *8,0* |
| *Stúlkur* | | | *447* | *5,7* |
| Afbrot barns | 1.589 | 18,3 | 1.153 | 14,7 |
| *Drengir* | | | *869* | *11,1* |
| *Stúlkur* | | | *284* | *3,6* |
| Barn beitir ofbeldi | 459 | 5,3 | 310 | 3,9 |
| *Drengir* | | | *244* | *3,1* |
| *Stúlkur* | | | *66* | *0,8* |
| Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt | 183 | 2,1 | 189 | 2,4 |
| *Drengir* | | | *111* | *1,4* |
| *Stúlkur* | | | *78* | *1,0* |
| **Heilsa eða líf ófædds barns í hættu** | **75** | **0,9** | **56** | **0,7** |
| | | | | |
| **Tilkynningar alls** | **8.698** | **100,0** | **7.854** | **100,0** |
| | | | | |
| **Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu*** | **194** | **2,2** | **173** | **2,2** |
| *Drengir* | | | *74* | *42,8* |
| *Stúlkur* | | | *97* | *56,1* |
| *Ekki vitað* | | | *2* | *1,2* |

*Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

*Kynjaskipting liggur fyrir frá árinu 2012

*Að mati tilkynnanda

## Tilkynnendur

| Tilkynnendur | 2011 | | 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Barnið sjálft | 62 | 0,7 | 43 | 0,5 |
| Ættingjar barns aðrir en foreldrar | 455 | 5,2 | 406 | 5,2 |
| Nágrannar | 664 | 7,6 | 611 | 7,8 |
| Önnur barnaverndarnefnd | 177 | 2,0 | 185 | 2,4 |
| Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu | 198 | 2,3 | 193 | 2,5 |
| Lögregla | 4.256 | 48,9 | 3.613 | 46,0 |
| Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr. | 864 | 9,9 | 850 | 10,8 |
| Leikskóli/gæsluforeldri | 149 | 1,7 | 137 | 1,7 |
| Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús | 582 | 6,7 | 636 | 8,1 |
| Foreldrar barns | 811 | 9,3 | 706 | 9,0 |
| Aðrir | 480 | 5,5 | 474 | 6,0 |
| **Samtals** | **8.698** | **100,0** | **7.854** | **100,0** |

# Umsóknir um meðferð

## Tegund meðferðar

| Tegund meðferðar | 2011 | | 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Stuðlar | 52 | 56,5 | 43 | 63,2 |
| Langtímameðferð | 40 | 43,5 | 25 | 36,8 |
| **Samtals** | **92** | **100,0** | **68** | **100,0** |

## Umsóknir eftir landsvæði

| Landsvæði | 2011 | | 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 44 | 47,8 | 35 | 51,5 |
| Nágrenni Reykjavíkur* | 23 | 25,0 | 18 | 26,5 |
| Landsbyggð | 25 | 27,2 | 15 | 22,1 |
| **Samtals** | **92** | **100,0** | **68** | **100,0** |

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Kyn barna sem sótt er um meðferð fyrir

| Kyn | 2011 | | 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 58 | 63,0 | 37 | 54,4 |
| Stúlkur | 34 | 37,0 | 31 | 45,6 |
| **Samtals** | **92** | **100,0** | **68** | **100,0** |

## Meðalaldur barna sem sótt er um meðferð fyrir

| Meðalaldur barna | 2011 | 2012 |
|---|---|---|
| Meðalaldur barna | 15,7 | 16,0 |

*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

## Umsóknir um Fjölkerfameðferð (MST)

### Umsóknir eftir landsvæði

| Landsvæði | 2011 | | 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 42 | 51,2 | 30 | 39,0 |
| Nágrenni Reykjavíkur* | 40 | 48,8 | 47 | 61,0 |
| **Samtals** | **82** | **100,0** | **77** | **100,0** |

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Kyn barna sem sótt er um MST fyrir

| Kyn | 2011 | | 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 54 | 65,9 | 42 | 54,5 |
| Stúlkur | 28 | 34,1 | 35 | 45,5 |
| **Samtals** | **82** | **100,0** | **77** | **100,0** |

### Meðalaldur barna sem sótt var um MST fyrir

| Meðalaldur barna | 2011 | 2012 |
|---|---|---|
| Meðalaldur barna | 15,0 | 15,3 |

*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

# Umsóknir um fóstur

## Tegund fósturs

| Tegund fósturs | 2011 | | 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Tímabundið | 98 | 68,1 | 80 | 74,1 |
| Varanlegt | 15 | 10,4 | 12 | 11,1 |
| Styrkt | 31 | 21,5 | 16 | 14,8 |
| **Samtals** | **144** | **100,0** | **108** | **100,0** |

## Umsóknir eftir landsvæði

| Landsvæði | 2011 | | 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 61 | 42,4 | 49 | 45,4 |
| Nágrenni Reykjavíkur* | 31 | 21,5 | 26 | 24,1 |
| Landsbyggð | 52 | 36,1 | 33 | 30,6 |
| **Samtals** | **144** | **100,0** | **108** | **100,0** |

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Kyn barna sem sótt er um fóstur fyrir

| Kyn | 2011 | | 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 87 | 60,4 | 52 | 48,1 |
| Stúlkur | 57 | 39,6 | 56 | 51,9 |
| **Samtals** | **144** | **100,0** | **108** | **100,0** |

## Meðalaldur barna sem sótt er um fóstur fyrir

| Meðalaldur barna | 2011 | 2012 |
|---|---|---|
| Samtals | 12,0 | 11,5 |

*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

# Þjónusta í Barnahúsi

## Þjónusta í Barnahúsi

| | 2011<br>Fjöldi | 2012<br>Fjöldi |
|---|---|---|
| Rannsóknarviðtöl | 202 | 209 |
| a. Skýrslutökur | 66 | 53 |
| b. Könnunarviðtöl | 136 | 156 |
| Greiningar- og meðferðarviðtöl | 113 | 99 |
| Læknisskoðanir | 21 | 9 |

## Kyn barna í Barnahúsi*

| **Kyn** | **2011** | | **2012** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 63 | 31,2 | 63 | 30,1 |
| Stúlkur | 139 | 68,8 | 146 | 69,9 |
| **Samtals** | **202** | **100,0** | **209** | **100,0** |

*kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

# Neyðarvistun á Stuðlum

## Neyðarvistun á Stuðlum

| | 2011<br>Fjöldi | 2012<br>Fjöldi |
|---|---|---|
| Fjöldi vistana | 234 | 209 |
| Vistunardagar | 1.522 | 1.228 |
| Fjöldi einstaklinga | 98 | 82 |

## Kyn barna í neyðarvistun á Stuðlum

| **Kyn** | **2011** | | **2012** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 60 | 61,2 | 50 | 61,0 |
| Stúlkur | 38 | 38,8 | 32 | 39,0 |
| **Samtals** | **98** | **100,0** | **82** | **100,0** |

# Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

**Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar**

| **Hvaðan koma umsóknir?** | **2011** | | **2012** | |
|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík og nágrenni | 31 | 46,3 | 31 | 56,4 |
| Vesturland | 7 | 10,4 | 2 | 3,6 |
| Vestfirðir | 2 | 3,0 | 1 | 1,8 |
| Norðurland | 7 | 10,4 | 8 | 14,5 |
| Austurland | 3 | 4,5 | 1 | 1,8 |
| Suðurland | 7 | 10,4 | 3 | 5,5 |
| Reykjanes | 9 | 13,4 | 8 | 14,5 |
| Fólk búsett erlendis | 1 | 1,5 | 1 | 1,8 |
| **Samtals** | **67** | **100,0** | **55** | **100,0** |

*Reykjavík og nágrenni Öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.